

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hreinsun rotþróa í Kjósarhreppi, nr. 1166/2010.

1. gr.

2. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Rotþróargjald fyrir árið 2015 skal vera kr. 9.500 og er árlegt gjald fyrir hvert íbúðarhús, sumarhús og annað húsnæði sem skylt er að tengja við rotþró. Rotþró skal hreinsuð og losuð á þriggja ára fresti og miðast álagt gjald við að kostnaður við hverja hreinsun og losun sé kr. 28.500. Vegna umbeðinnar aukahreinsunar og losunar rotþróar er innheimt sérstakt gjald sem nemur kr. 28.500.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 22. nóvember 2014, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, tekur þegar gildi.

Kjósarhreppi, 6. janúar 2015.

Guðný G. Ívarsdóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. janúar 2015